

FUNDARGERÐ

Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna haldinn 19. mars 2009 á Hótel Loftleiðum

Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna fyrir árið 2008 var haldinn á Hótel Loftleiðum, Þingsal 1, fimmtudaginn 19. mars 2009 kl. 17:30. Fundurinn hófst með því að Friðbert Traustason, formaður stjórnar sjóðsins bauð gesti velkomna og setti fundinn. Hann lagði til að Hinrik Greipsson yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt með lófataki. Hinrik tók við stjórn fundarins og lagði til að Jón Þór Grímsson tæki að sér fundarritun. Jafnframt tilkynnti hann að hann hefði kynnt sér boðun fundarins og lýsti því yfir að hún væri í samræmi við samþykktir sjóðsins og þar með væri fundurinn löglegur.

Á fundinum lágu frammi eftirfarandi gögn:

- 1) Ársreikningur og ársskýrsla stjórnar fyrir árið 2008.
- 2) Tillögur stjórnar Lífeyrissjóðs bankamanna til breytinga á samþykktum sjóðsins.
- 3) Tillaga Önnu Kjartansdóttur til breytinga á samþykktum sjóðsins.
- 4) Samþykktir Lífeyrissjóðs bankamanna.

Tryggingarfræðileg úttekt Bjarna Guðmundssonar, cand. act. fyrir báðar deildir sjóðsins miðað við árslok 2008 var aðgengileg á vefsíðu sjóðsins, www.lifbank.is

Var nú gengið til formlegrar dagskrár í samræmi við 6. gr. samþykktu sjóðsins. Röð dagskrárliða var eftirfarandi skv. samþykktum sjóðsins og ákvörðun fundarstjóra:

- 1) Skýrsla stjórnar.
- 2) Kynning og afgreiðsla ársreiknings sjóðsins
- 3) Tryggingarfræðileg úttekt á stöðu sjóðsins.
- 4) Fjárfestingastefna sjóðsins og árangur fjárvörsluaðila.
- 5) Fyrirliggjandi tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins.
- 6) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins.
- 7) Laun stjórnar- og skoðunarmanna
- 8) Önnur mál.

1) Skýrsla stjórnar

Friðbert Traustason, formaður stjórnar reifaði helstu þætti í starfsemi sjóðsins á síðasta ári.

Fyrst vék Friðbert að skipun stjórnar sjóðsins, en hún er skipuð sex mönnum. Fulltrúar sjóðsfélaga í stjórninni eru þrír, þau Friðbert Traustason, Helga Jónsdóttir og Sigurjón Gunnarsson. Aðrir stjórnarmenn eru Atli Atlason, Ingvar A. Sigfússon og Hermann Björnsson. Stjórnin skiptir með sér verkum og var Friðbert Traustason kosinn formaður og Atli Atlason varaformaður.

Starfsmenn sjóðsins eru þrír í þremur stöðugildum og er sjóðurinn enn til húsa að Suðurlandsbraut 24. Stjórnarfundir eru haldnir a.m.k. einu sinni í mánuði. Hefðbundin störf stjórnar felast að mestu leyti í afgreiðslu á umsóknum um elli-, örorku, maka- og barnalífeyri. Útreikningur á fjárhæð fer þó að jafnaði fram hjá tryggingarfræðingi sjóðsins í samvinnu við starfsmenn hans. Stjórnin hefur líka umsjón með afgreiðslu lánsúmsókna, en lánsúmsóknum fjölgaði mikið á síðasta ári. Þær lánsúmsóknir sem augljóslega uppfylla skilyrði sjóðsins eru

afgreiddar á skrifstofu sjóðsins, en stjórnin fer yfir aðrar lánsúmsóknir, t.d. þegar vafi leikur á um verðmæti eigna.

Stjórnin vann á árinu náið með lögfræðingi sjóðsins m.a. við að aðlaga samþykktir sjóðsins að þeim breytingum sem orðið hafa á þeim lögum og reglum sem eiga við um starfsemi lífeyrissjóða. Þá gat Friðbert þess að stjórnin hafi einnig unnið mikið með endurskoðendum sjóðsins auk þess sem mikil skýrslugerð var unnin á skrifstofu sjóðsins fyrir fjármálefirlitið.

Næst vék Friðbert að starfsemi einstakra deilda. Unnið hefur verið markvisst að því að koma öllum eignum Hlutfallsdeildar í íslenskar krónur. Í árslok 2006 voru tæplega 15% af eignum deildarinnar í erlendum gjaldmiðlum. Staðan í dag er hins vegar sú að nánast 100% af eignum deildarinnar eru í íslenskum krónum. Keypt hafa verið íbúðabréf þar sem reynt var að para saman gjalddaga íbúðabréfanna við útgreiðslu lífeyris. Einnig var lagt inn á innlánsreikninga. Þetta reyndist hárrétt ákvörðun í ljósi þess sem gerst hefur að sögn Friðberts.

Þessu næst fór Friðbert yfir mat á eignum samkvæmt ársreikningi. Friðbert fór nokkuð ítarlega yfir það hversu mikið hefði tapast í Hlutfallsdeildinni vegna bankahrunsins. Mest tapaðist vegna fjárfestinga í Fyrirtækjabréfum Landsbankans, en nokkuð tapaðist einnig vegna fjárfestinga í fyrirtækjabréfum hjá Kaupþingi. Niðurstaðan var sú að nafnávöxtun hjá Hlutfallsdeild var 14,5% og hrein raunávöxtun var -1,55%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin fimm ár er 3,77% sem er aðeins yfir þeim mörkum sem deildin þarf að vera m.v. tryggingarfræðilega úttekt. Niðurstaða ársins er mjög góð þegar hún er borin saman við aðra lífeyrissjóði landsins.

Friðbert gat þess að greiðandi sjóðsfélagunum í Hlutfallsdeild fækkaði á árinu 2008, en þeir eru nú tæplega 500. Þeir sem fá lífeyri fjölgaði á árinu um 25. Helstu óvissuþættir deildarinnar fyrir utan ávöxtun er örorka, lífaldur og nýting á 95 ára reglunni, en margir starfandi sjóðsfélagar gætu hætt núna vegna 95 ára reglunnar. Friðbert lauk umfjöllun sinni um Hlutfallsdeildina með því að nefna að það væri engin ástæða til að skerða lífeyrisgreiðslur. Eignir umfram heildarskuldbindingar í hlutfalli af heildarskuldbindingum eru -2,98%, en ekki þarf að grípa til þess að skerða lífeyrisgreiðslur nema ef mismunur eigna og skuldbindinga reiknast meira en 10% við tryggingarfræðilega athugun á milli ára, eða hefur verið meira en 5% í fimm ár samfleytt.

Þessu næst fjallaði Friðbert um Aldursdeildina, sem áður hét Stigadeild. Á árinu 2008 voru um það bil 4 milljarðar króna greiddar út til sjóðsfélaga í formi séreignar. Að sögn Friðberts náðu sumir að ávaxta þá fjármuni vel, með innlögn inn á verðtryggðar bækur, en sumir fóru mjög illa út úr þessu, sérstaklega þeir sem settu þetta í sjóði sem versluðu með hlutabréf. Í Aldursdeildinni er hafður sá háttur á að þeir sem yngri eru fá meiri réttindi fyrir hverja krónu. Þeir sem eldri eru fengu þetta tap bætt upp með greiðslu í formi séreignar.

Friðbert fór því næst yfir breytingar á heildareignum Aldursdeildarinnar á milli ára. Aldursdeildin, sem átti um það bil 12 milljarða króna í árslok 2007 átti í desember 2008 um það bil 10 milljarða króna. Megnið af tapinu er til komið vegna kaupa á bréfum í fjármálafyrirtækjum, en Friðbert fór nokkuð ítarlega yfir það á hvaða fjárfestingum deildin tapaði. Niðurstaðan er sú að nafnávöxtun á árinu er 5,25%, en hrein raunávöxtun var -9,55%. Friðbert tók fram að deildin þolir þó nokkrar sveiflur þar sem lítið er greitt út úr deildinni. Aldursdeildin kemur vel út miðað við aðra lífeyrissjóði landsins. Eignasamsetning deildarinnar skiptist nú þannig að eignir í íslenskum krónum eru 83,3% og erlendu eignirnar eru 16,7%. Sjóðfélagar eru nú 2.055. Á lífeyri eru 58 en helmingurinn af þeim er á örorkulífeyri. Niðurstaðan er sú að hrein eign umfram heildarskuldbindingar er -1,86% og því er engin ástæða til þess að grípa til skerðingar.

Mjög mikilvægt er að aðildafyrirtækin sjái til þess að allir nýir starfsmenn komin inn í Aldursdeildina.

Sjóðurinn var með fjárvörslusamning við Kaupþing banka hf. og Landsbanka Íslands hf. Við hrun bankanna var lítið svo á að samningarnir hafi fallið úr gildi og var bönkunum tilkynnt um það

bréflaga. Búið er að flytja flestar eignir til sjóðsins, en sumar eignir eru enn í vörslu bankanna. Þær eignir sem eru enn hjá bönkunum eru í raun í geymslu hjá þeim, ekki fjárvörslu.

Að lokum nefndi Friðbert það að fjárfestingarstefna Aldursdeildar yrði endurskoðuð reglulega, en það sama á ekki við um Hlutfallsdeild þar sem lítið er fyrst og fremst til ríkisskuldabréfa og annarra tryggra fjárfestinga.

2) Kynning og afgangur ársreiknings sjóðsins.

Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri sjóðsins gerði því næst grein fyrir ársreikningi sjóðsins og fór hann yfir hvora deild fyrir sig. Sigtryggur fór yfir yfirlit um breytingar á hreinni eign sjóðsins árið 2008. Því næst fór Sigtryggur yfir efnahagsreikning sjóðsins og fór hann yfir hvora deild fyrir sig.

Í umfjöllun sinni um Hlutfallsdeildina kom m.a. fram að eignir umfram heildarskuldbindingar í hlutfalli af heildarskuldbindingum væru -2,98%.

Í yfirferð sinni á efnahagsreikningi fyrir Aldursdeildina tók Sigtryggur fram að lækkun á hreinni eign til greiðslu lífeyris skýrðist fyrst og fremst af greiðslu til séreignarsjóðanna, en hrein eign lækkaði á milli ára um 15,38%.

Þá tók Sigtryggur fram að leitað hafi verið tilboða í ávöxtun á innlánsreikningum. Kaupþing bauð bestu vextina og var tilboði Kaupþings því tekið. Að lokum tók Sigtryggur fram að eignir umfram heildarskuldbindingar í hlutfalli af heildarskuldbindingum að því er varðar Aldursdeildina væri -1,86%, en var -6,29% í fyrra.

Ekki tóku fleiri til máls og var ársreikningurinn og skýrsla stjórnar því næst borinn upp til samþykktar og var samþykktur samhljóða.

3) Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins.

Bjarni Guðmundsson, tryggingafræðingur sjóðsins gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt deilda sjóðsins en skýrslur hans voru aðgengilegar á vefsíðu sjóðsins www.lifbank.is. Bjarni fór yfir helstu niðurstöður úttektarinnar í fyrirliggjandi skýrslum um báðar deildir.

Í ljósi þess að lægra örorkuhlutfall er að jafnaði hjá sjóðsfélögum í Lífeyrissjóði bankamanna en hjá öðrum lífeyrissjóðum þá hefur forsendum verið breytt þannig að nú eru notaðar lægri örorkulíkur í aðferðum við úttektina.

Í yfirferð sinni um Hlutfallsdeild koma fram að áfallnar skuldbindingar eru rúmlega 32 milljarðar króna og framtíðarskuldbindingar rúmir 4 milljarðar króna. Þeir einir eru greiðendur sem voru í starfi hjá aðildarfélögum 1998, það eru því engir nýir greiðendur að bætast við. Niðurstaða tryggingafræðilegrar úttektar Bjarna var sú varðandi Hlutfallsdeild að eignir eru 2,98% lægri en heildarskuldbindingar. Staðan á þessari deild er nokkuð góð miðað við aðra sjóði. Mesti áhættuþátturinn fyrir þessa deild er lífeyristökualdurinn vegna 95 ára reglunnar.

Niðurstaða tryggingafræðilegrar úttektar Bjarna varðandi Aldursdeild var sú að eignir eru 1,86% lægri en skuldbindingar sem er vel innan marka laganna. Breyting í aldurstengt kerfi hafði áhrif á úttektina. Að lokum fjallaði Bjarni nokkuð ítarlega um það hvernig staðið var að útgreiðslu séreignargreiðslu, en 1.844 sjóðsfélagar áttu rétt á slíkri greiðslu. Heildarfjárhæð útgreiðslu vegna séreignar var 3.901 milljónir króna, og var fjárhæðin nánast öll greidd til sjóðsfélaga í september 2008, en útborgunarfjárhæðin var verðtryggð frá áramótum. Það reyndist þyngra fyrir sjóðinn en áætlun gerði ráð fyrir vegna mikillar verðbólgu.

Orðið var því næst gefið laust til umræðu um tryggingarfræðilega úttekt, en enginn tók til máls.

4) Fjárfestingarstefna sjóðsins – árangur fjárvörsluaðila

Þá tók til máls Friðbert Traustason, formaður, og gerði hann grein fyrir árangri fjárvörsluaðila á árinu 2008. Friðbert fór því næst yfir fjárfestingastefnu og vikmörk fyrir hvora deildina fyrir sig.

Friðbert tók fram að fjárfestingastefna sjóðsins yrði mjög varfærin á næstu misserum. Hlutfallsdeildin verður væntanlega einungis í innlánum og ríkisskuldabréfum. Meiri vikmörk eru hjá Aldursdeildinni enda er þar meira svigrúm.

5) Tillögur um breytingar á samþykktum

Sveinn Sveinsson lögmaður sjóðsins kynnti breytingartillögur stjórnarinnar. Auk þess lá fyrir tillaga frá Önnu Kjartansdóttur um breytingu á þrettánda grein. Sveinn tók fram að það þyrfti reglulega að breyta samþykktum sjóðsins, m.a. til að aðlaga þær að lagabreytingum og breytingum á orðskýringum. Samþykktum hefur ekki verið breytt í tvö ár og því hefur safnast saman þörfin til breytinga.

Eftirtalдар tillögur frá stjórn sjóðsins lágu fyrir fundinum:

1. Fyrsta tillaga.

Breyting á 8. gr. Ávöxtun sjóðsins.

Ný 8. gr. orðist svo

- 8.1 Stjórn lífeyrisjóðsins skal móta fjárfestingastefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu.
- 8.2 Stjórn lífeyrissjóðsins er heimilt að móta sérstaka fjárfestingastefnu fyrir hvora deild í sjóðnum.
- 8.3 Fjárfestingastefna sjóðsins skal vera í samræmi við VII. kafla laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingu.

Sveinn skýrði í hverju breytingarnar eru fólgnar og las upp breytingartillöguna. Sveinn tók fram að eðlilegra sé að vísa í lögin fremur en að rita upp allt það sem kemur fram í lögunum í samþykktunum. Breytingartillagan er því til einföldunar þar sem hér eftir þarf ekki að breyta samþykktunum ef lög breytast.

2. Önnur tillaga

Breyting á 11. gr. Hlutfall eftirlauna

Nýr liður 3 í 11.4

Að iðgjald vegna sjóðfélaga, sem gengur til að mynda eftirlaunaréttindi, skuli allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæð réttindi fyrir maka hans. Við ráðstöfun iðgjalds til lágmarkstryggingaverndar og viðbótartryggingaverndar skal litið svo á að iðgjaldsstofni sjóðfélagans hafi verið skipt milli hans og maka hans eins og iðgjaldinu.

Sveinn skýrði í hverju breytingarnar eru fólgnar og las upp breytingartillöguna. Sveinn tók fram að samþykktir sjóðsins hafa ekki fullnægt öllum þeim liðum sem fram koma í lögnum. Af einhverjum ástæðum vantaði þriðja liðinn sem felur í sér að hægt sé að skipta iðgjaldi sjóðfélaga þannig að það renni að hálfu til sjóðfélaga og að hálfu til maka.

Ábending kom fram á fundinum þess efnis að tillagan varðaði ekki grein 11.6 eins og fram kom í tillögum stjórnarinnar, heldur væri um að ræða breytingartillögu á grein 11.4, og var það leiðrétt.

Þriðja tillaga

Breyting á 12.gr. Örorkulífeyrir.

Ný 12. gr. orðist svo:

- 12.1 Hafi sjóðfélagi greitt í sjóðinn í a.m.k. tvö ár og orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutaps og orkutapið er metið 50% eða meira af trúnaðarlækni sjóðsins, á sjóðfélagi rétt á örorkulífeyri. Reikna skal örorkulífeyrinn út miðað við áunnin réttindi sjóðfélagans á þeim tíma er örorkan kom fram.
- 12.2 Hafi sjóðfélagi greitt í sjóðinn í a.m.k. þrjú ár á síðustu fjórum árum og í sex mánuði á síðustu tólf mánuðum á hann rétt á örorkulífeyri ef trúnaðarlæknir sjóðsins metur orkutapið að minnsta kosti 10%. Uppfylli sjóðfélaginn þessi skilyrði skal hámarks örorkulífeyrir hans vera jafnhár eftirlaunum þeim, sem hann hefði öðlast rétt til, ef hann hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs og sú fjárhæð margfölduð með orkutapsprósentunni og deilt í með hundrað.
- 12.3 Örorkulífeyrir greiðist einungis ef orkutap varir í sex mánuði eða lengri tíma. Enginn getur fengið greiddan örorkulífeyri meðan hann heldur fullum launum, þrátt fyrir örorkuna. Örorkulífeyrir tekur breytingum í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.
- 12.4 Skylt er sjóðfélaga, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar upplýsingar um heilsufar sitt og tekjur, sem nauðsynlegar eru til að meta rétt hans til örorkulífeyris.
- 12.5 Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri sjóðfélaga, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti.
- 12.6 Á sama hátt ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyri sjóðfélaga, ef örorkan vex til muna frá því hún var áður metin.
- 12.7 Örorkulífeyrir fellur niður við 65 ára aldur. Örorkulífeyrir skal ekki úrkurðaður hafi sjóðfélagi hafið töku eftirlauna.
- 12.8 Hafi sjóðfélagi uppfyllt skilyrði greinar 12.1 skal við ákvörðun eftirlauna reikna sem iðgjaldagreiðslutíma þann tíma sem sjóðfélagi naut örorkulífeyris úr sjóðnum, í hlutfalli við örorkustig sjóðfélagans

Sveinn skýrði í hverju breytingarnar eru fólgnar og las upp breytingartillöguna. Grein 12.7 og 12.8 eru nýjar. Björn Gunnarsson tók til máls og gerði athugasemd við grein 12.5. Athugasemdin fólst í því að Birni fannst óeðlilegt að stjórn sjóðsins gæti tekið þessa ákvörðun án þess að úrskurður

trúnaðarlæknis lægi fyrir. Í framhaldinu breytti stjórn tillögu sinni með þeim hætti að við lok setningarinnar var bætt við „samkvæmt úrskurði trúnaðarlæknis“, og var því eftirfarandi breytingartillaga á grein 12.5. lögð fram fyrir fundinn:

- 12.5. Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri sjóðfélaga, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti samkvæmt úrskurði trúnaðarlæknis.

Fjórtá tillaga

Breyting á 13. gr. Makalífeyrir

Ný grein sem verður 13.7

- 13.7 Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap með sjóðfélagi, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagsins.

Sveinn skýrði í hverju breytingarnar eru fólgnar og las upp breytingartillöguna. Sveinn tók fram að verið væri að leggja til að maki yrðu skilgreindur í Hlutfallsdeildinni með sama hætti og hann er skilgreindur í Aldursdeildinni.

Fimmta tillaga

Breyting á 19. gr. Grundvöllur lífeyrisréttinda

Lokasetning í gr. 19.1 verður

Löggjald sjóðsins til lágmarksréttindaöflunar er 10% miðað við árin 25 til 64.

Sveinn skýrði í hverju breytingarnar eru fólgnar og las upp breytingartillöguna. Sveinn tók fram fram að rétt væri að tiltaka lágmarksprósentu í samþykktunum.

Sjötta tillaga

Breyting á gr. 20. Eftirlaun

Grein 20.4 liður 2 verður

2. Áður en taka eftirlauna hefst en þó eigi síðar en fyrir 65 ára aldur og ef sjúkdómar eða heilsufar draga ekki úr lífslíkum, að verðmæti uppsafnaðra eftirlaunaréttinda hans skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæð eftirlaunaréttindi fyrir maka hans eða fyrrverandi maka og skerðast þá réttindi sjóðfélagsins sem því nemur. Heildarskuldbinding sjóðsins skal ekki aukast við þessa ákvörðun sjóðfélagsins.

Sveinn skýrði í hverju breytingarnar eru fólgnar og las upp breytingartillöguna. Sveinn tók fram að samkvæmt núgildandi reglum þá getur sjóðfélagi í síðasta lagi sjö árum áður en taka eftirlauna hefst ákveðið að allt að helmingur uppsafnaðra eftirlaunaréttinda renni til maka. Með breytingartillögunni er einungis verið að opna á þann möguleika að sjóðfélagi og maki geti hvenær sem er ákveðið þessa skiptingu að því gefnu að önnur skilyrði séu uppfyllt. Þessi breytingartillaga er enn fremur í samræmi við lagabreytingu.

Sjöunda tillaga

Breyting á gr. 21 Örorkulífeyrir

Grein 21.11 verður

21.11 Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur eða fyrr, þegar taka eftirlauna hefst. Eftirlaun skulu þá ákveðin þannig, að auk áunninna réttinda skal reikna réttindi vegna iðgjalda sem við ákvörðun örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 65 ára aldurs. Skal það gert að því leyti er hundraðshluti örorku segir til um og vegna þess tíma sem sjóðfélagi hefur notið örorkulífeyris.

Sveinn skýrði í hverju breytingarnar eru fólgnar og las upp breytingartillöguna. Breytingartillagan lýtur að því að skilgreint er hvernig ákvarða skuli eftirlaun þegar sjóðfélagi hefur verið á örorkulífeyri.

Áttunda tillaga

Breyting á gr. 22 Makalífeyrir

Niður falli eftirfarandi setning í gr. 22.5

Með óvígðri sambúð er átt við sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár.

Sveinn skýrði í hverju breytingarnar eru fólgnar og las upp breytingartillöguna. Fram kom hjá Sveini að eðlilegt sé að fella niður skilgreiningu á hugtakinu óvígð sambúð en hún var orðin úr takti við skilning manna í dag. Með því að skilgreina ekki hugtakið í samþykktunum, þá ræðst skilgreiningin af skilgreiningu í lögum á hverjum tíma.

Níunda tillaga

Breyting á 31. gr. Tilhögun lífeyrisgreiðslna

Grein 31.1 verður

31.1 Umsókn um lífeyri skal vera skrifleg. Lífeyrir skal greiddur fyrir næsta heila mánuð eftir að réttur til hans stofnast, og fyrir þann mánuð sem réttur til hans fellur úr gildi.

Sveinn skýrði í hverju breytingarnar eru fólgnar og las upp breytingartillöguna.

Næst var tekin fyrir svohljóðandi breytingartillaga frá Önnu Kjartansdóttur.

Breyting 13. gr. Makalífeyrir

Grein 13.6 verður

13.6 Til viðbótar þeim makalífeyri sem skilgreindur er að ofan skal sjóðurinn greiða til eftirlifandi maka dánarbætur í eingreiðslu við andlát sjóðfélaga og skal sú

greiðsla fylgja sömu reglum og gilda um hóplíftryggingu bankamanna skv. kjarasamningi SÍB og bankanna frá 8. júní 1995.

Sveinn las upp breytingartillöguna ásamt greinargerð sem Anna lét fylgja með breytingartillögunni. Í greinargerðinni kom fram að megintilgangur breytingartillögunnar væri að taka af öll tvímæli um það að um dánarbætur væri að ræða sem væru ekki andlag skattlagningar skv. lögum um tekjuskatt.

Þessu næst var gengið til atkvæðagreiðslu um ofangreindar tillögur. Atkvæði voru fyrst greidd um tillögu nr. 1 en þar höfðu allir fundarmenn atkvæðisrétt. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Næst voru greidd um tillögur nr. 2-3 en þar höfðu einungis sjóðfélagar í Hlutfallsdeild atkvæðisrétt. Breytingarnar voru bornar upp til atkvæðis hvor fyrir sig og voru samþykktar samhljóða.

Næst voru greidd atkvæði um tillögu nr. 4 og tillögu Önnu Kjartansdóttur en þar höfðu einungis sjóðfélagar í Hlutfallsdeild atkvæðisrétt. Breytingarnar voru bornar upp til atkvæðis hvor fyrir sig og voru samþykktar samhljóða.

Næst voru greidd atkvæði um tillögur nr. 5-8 en þar höfðu einungis sjóðfélagar í Aldursdeild atkvæðisrétt. Breytingarnar voru bornar upp til atkvæðis hver fyrir sig og voru samþykktar samhljóða.

Að lokum voru atkvæði greidd um tillögu nr. 9 en þar höfðu allir fundarmenn atkvæðisrétt. Tillagan var samþykkt af fundarmönnum, en einn var á móti.

6) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins.

Fyrir fundinum lá tillaga um að Hallfríður Gunnlaugsdóttir og Þorsteinn Egilsson núverandi skoðunarmenn sjóðsins yrðu kjörin og var það samþykkt með lófataki.

7) Laun stjórnar- og skoðunarmanna.

Fyrir fundinum lá tillaga um að laun stjórnarmanna yrðu óbreytt frá fyrra ári eða kr. 50.000.- á mánuði. Laun formanns tvöföld. Laun varaformanns ein og hálf laun stjórnrmanns. Laun varamanna kr. 25.000.- fyrir hvern fund, þó aldrei hærri en kr. 50.000.- á mánuði. Laun greidd eins og laun bankamanna. Var tillagan samþykkt af fundarmönnum, en einn var á móti.

Tillaga var borin upp um að laun skoðunarmanna yrðu óbreytt frá fyrra ári eða kr. 25.000.- á mánuði, greidd eins og laun bankamanna og var hún samþykkt samhljóða.

8) Önnur mál.

Því næst gaf fundarstjóri orðið laust undir síðasta dagskrárlið skv. samþykktum. Tryggvi Hjörvar tók til máls og þakkaði fundarstjóra fyrir að telja fundargesti læsa.

Því næst var fundi slitið rétt eftir kl. 19:15. Fundarmenn voru 89 talsins.

Reykjavík 19. mars 2009.

Fundarstjóri:

Hinrik Greipsson

Fundarritari:

Jón Þór Grímsson